

## AUGLÝSING

### um deiliskipulag í Akraneskaupstað.

Á fundi bæjarráðs Akraneskaupstaðar sem haldinn var þann 23. ágúst 2012 var samþykkt deiliskipulagsbreyting á deiliskipulagi Æðarodda, búfjársvæðis.

Breytingin felst m.a. í því að þær breytingar sem gerðar hafa verið á deiliskipulaginu frá 1994 eru færðar inn á eitt heildarkort ásamt breytingu á lóðum á austurhluta svæðisins. Nýtingarhlutfall svæðisins breytist úr 0,5 í 0,6 og breyting er á byggingarskilmálum svæðisins m.a. er snerta staðsetningu taðstía og heimilt er að lyfta hluta þaks.

Framangreind deiliskipulagsbreyting var auglýst skv. 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og hefur hlotið þá meðferð sem skipulagslög mæla fyrir um.

Deiliskipulagsbreytingin tekur þegar gildi.

*Akranesi, 7. nóvember 2012.*

**Jón Pálmi Pálsson** bæjarstjóri.